

- 2) Lækjargata njóti forgangs gagnvart hliðargötum:
  - a) Biðskylda verði á Miðtúni gagnvart Lækjargötu.
  - b) Biðskylda verði á Túngötu gagnvart Lækjargötu beggja vegna.
  - c) Biðskylda verði á Móatúni gagnvart Lækjargötu beggja vegna.
- 3) Hrafnadalsvegur njóti forgangs gagnvart Bugatúni:
  - a) Biðskylda verði á Bugatúni gagnvart Hrafnadalsvegi.
- 4) a) Settar verði gangbrautir á Lækjargötu við Móatún, Túngötu og við Strandgötu.
  - b) Sett verði gangbraut á Túngötu við Lækjargötu.
  - c) Sett verði gangbraut á Miðtún við Lækjargötu.
  - d) Sett verði gangbraut á Strandgötu utan til við Tunguá.
- 5) Bannað að leggja ökutækjum við efri kant götu í Móatúni, Túngötu, Miðtúni og Strandgötu. Bannað að leggja ökutækjum í Lækjargötu.
- 6) Umferð vörubifreiða bönnuð í Lækjargötu, Móatúni, Túngötu og Miðtúni nema til losunar eða lestunar.
- 7) Umferðarmerkið „BÖRN“ verði sett upp við afleggjara að leikskóla og við Strandgötu móts við netaverkstæði (Nýja-Bæ) og verði síðartalda merkið með undirmerkinu „SKÓLI“.

Reglur þessar taka gildi 1. október 1988 og eru þá numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Tálknafirði, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Lögrelustjórinn í Barðastrandarsýslu, 14. september 1988.*

**Stefán Skarphéðinsson.**

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 443 25. september 1987 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1988-1989.**

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Nýti framleiðandi ekki allan fullvirðisrétt sinn skv. 3. og 4. gr. með innleggi kindakjöts í afurðastöð fyrir 15. nóvember 1988, með ráðstöfun skv. 1. mgr. 7. gr. eða með því að gera staðfest samkomulag við afurðastöð um að nýta hann með innleggi síðar á verðlagsárinu 1988/1989, greiðir ríkissjóður fyrir hinn ónýtta fullvirðisrétt. Greiðsla fyrir ónýttan fullvirðisrétt skal svara til hlutfalls launa- og fjármagnskostnaðar vextir af fjárfestingu í haustgrundvallarverði sauðfjárafurða 1988. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur þessar skv. nánari reglum, er landbúnaðarráðherra setur. Ekki verður greitt fyrir ónotaðan rétt, ef framleiðsla á árinu nær ekki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis. Heimilt er þó að greiða þeim framleiðendum fyrir ónýttan fullvirðisrétt sem skáru niður vegna riðu og hófu fjárbúskap á ný árin 1985-1987, þó að framleiðsla þeirra sé innan við 50%. Greiðsla til þeirra verður þó að hámarki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Framleiðanda er heimilt að ráðstafa fullvirðisrétti og tilsvarendi búmarki milli lögbýla, enda sé ekki um skammtímaráðstöfun að ræða og fyrir liggja samþykki viðkomandi búnaðar-

sambands. Tilkynning um ráðstöfun þessa, studd skriflegu samþykki búnaðarsambands og eigenda viðkomandi lögbýla, skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. nóvember 1988.

## 3. gr.

Á eftir 8. gr. komi ný grein, 8. gr. a. svohljóðandi:

Skerða skal fullvirðisrétt, sem reiknast skv. ákvæðum þessa kafla, taki framleiðandi út ófryst kjöt og slátur úr afurðastöð umfram eftirfarandi mörk:

1. Framleiðandi á lögbýli getur tekið allt að 60 kg af ófrystu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu fyrir hvern heimilismann sem hafði þar lögheimili 1. desember 1987 skv. þjóðskrá.
2. Framleiðandi utan lögbýlis getur tekið allt að 60 kg af ófrystu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu.

Taki framleiðandi meira út en getur í 1. og 2. tl. 1. mgr., skerðist fullvirðisréttur hans um það magn. Jafnframt skerðist heildarfullvirðisréttur til framleiðslu á kindskjöti sbr. 2. gr. um sama magn. Óheimilt er að taka kjöt úr afurðastöð eftir að það hefur verið fryst. Heimild til að taka út kjöt eftir ákvæðum þessarar greinar án þess að það skerði fullvirðisrétt viðkomandi framleiðanda, fellur niður hjá þeim aðilum sem slátra utan afurðastöðvar.

Afurðastöðvum er skylt að halda sérstaka skrá yfir allt heimtekið kjöt, þar sem fram koma allar sömu upplýsingar og um innlagt kindakjöt. Skrár þessara skal senda Framleiðsluráði landbúnaðarins með sláturskýrslum. Skal ráðið annast útreikninga er sýna breytingu fullvirðisréttar skv. reglum þessum og tilkynna það viðkomandi afurðastöð áður en fullnaðaruppgjör fer fram skv. 12. gr.

Sláturleyfishafa er skylt að merkja allt kjöt sem tekið er út úr afurðastöð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, með stimpli sem á stendur „Heimtekið - ekki verslunarvara“. Stimpla skal skrokka á sex stöðum alls. Hvorn helming skal stimpla á þremur stöðum, á bóg, hrygg og læri.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46, 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 306 14. júní 1988.

*Landbúnaðarráðuneytið, 15. september 1988.*

**Jón Helgason.**

Jón Höskuldsson.

## REGLUGERÐ

**fyrir Vatnsveitu Andakíls, Andakílshreppi.**

## 1. gr.

Vatnsveitan er eign Andakílsshrepps. Heimili hennar og varnarþing er í Andakílshreppi.

## 2. gr.

Hreppsnefnd Andakílsshrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar, sér um fjárreiður hennar og bókhald. Reikningsár veitunnar er almanaksárið, skulu reikningar hennar